



# Upplýsingar fyrir foreldra um grunnskóla í Kópavogi

## Skólaskylda

Öll börn eru skólaskyld á því ári sem þau ná 6 ára aldri. Skólaskyldan varir í 10 ár og eftir það geta nemendur sótt um nám í framhaldsskólum og eftir það í háskólum. Nær öll börn í Kópavogi hafa verið 3 – 4 ár í leikskóla áður en þau hefja nám í grunnskóla.

## Skólatími

Skólaárið hefst eftir 20. ágúst og lýkur í byrjun júní og telur samtals 180 skóladaga. Skólarnir gefa út skóladagatal á hverju vori þar sem sjá má skipulag skólaársins. Skólarnir byrja ekki allir á sama tíma á morgnana en almennt kl. 8:00 – 8:30. Skóladeginum lýkur oftast á bilinu 13:30 – 16:00.

Nemendur í 1. – 4. bekk eru að meðaltali 20 klukkustundir á viku í skólanum, í 5. – 7. bekk rúmlega 23 klukkustundir og í 8. – 10. bekk tæplega 25 klukkustundir.

Kennslumagn tekur mið af viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrá grunnskóla.

## Hlutverk grunnskóla

Hlutverk grunnskólanna er að undirbúa nemendur undir líf og störf í síbreytilegu lýðræðisþjóðfélagi. Áhersla er lögð á frumkvæði, sjálfstæði og sjálfsaga nemenda. Grunnskólarnir leggja áherslu á að búa nemendum öruggt umhverfi sem hentar þörfum hvers og eins og koma til móts við námslegar þarfir þeirra.

Áhersla er lögð á velferð og öryggi nemenda og ekki má mismuna nemendum eftir uppruna, kynferði, búsetu, stétt, trúarbrögðum eða fötlun.

Öll börn hafa umsjónarkennara sem fylgist með framförum og velferð nemenda og kemur upplýsingum til foreldra. Ef upp koma vandamál ættu foreldrar fyrst að snúa sér til umsjónarkennara, en foreldrar geta einnig haft samband við deildarstjóra, aðstoðarskólustjóra eða skólustjóra.

Flestir skólar gera ráð fyrir að nemendur fari í útivist í frímínútum og ætlast er til að nemendur séu klæddir eftir veðri.

## Matur/nesti

Foreldrar eiga kost á að kaupa mataraskrift í hádeginu á vægu verði. Sótt er um mataraskrift á Þjónustugátt Kópavogs. Frestur til að sækja um og segja upp matarskráskrift er til 20. hvers mánaðar og taka breytingar gildi frá næstu mánaðamótum á eftir. Einnig er gert ráð fyrir nemendum taki með sér holla hressingu fyrir morgunnesti, t.d. ávexti.

## Í hvaða skóla á barnið að fara?

Öll börn hafa forgang að skólum í hverfinu þar sem þau eru búsett og eiga að fá kennslu við sitt hæfi. Foreldrar geta einnig sótt um skólavist í öðru skólahverfi í Kópavogi eða í sjálfstætt starfandi skóla. Ef foreldrar óska eftir að barnið sæki skóla utan Kópavogs eða í einkaskóla þarf að sækja um það á Þjónustugátt Kópavogs.

## Frístundastarf

Þegar skóladeginum lýkur og í skólafríum stendur 6 – 9 ára börnum til boða að taka þátt í frístundastarfi í frístund sem starfar við hvern skóla. Frístund er opin frá því að skóladegi barnanna lýkur og er opin til klukkan 17:00 á virkum dögum.

Frístund er valkostur þar sem börn dvelja við leik og skapandi starf eftir að skóla lýkur í umsjá frístundaleiðbeinenda. Greitt er dvalargjald fyrir valda tíma og sótt er um frístund á Þjónustugátt Kópavogs. Frístund lokar fyrir sumarfrí í lok síðustu skólavikunnar í júní og opnar aftur á fyrsta skóladegi eftir skólasetningu.

Börn og unglingar á aldrinum 10 – 16 ára geta tekið þátt í starfi félagsmiðstöðva. Þar býðst börnum aðstoða til afþreyingar og samveru með jafnöldrum í öruggu umhverfi. Í félagsmiðstöðvum og í frístundum er lögð áhersla á að virkja börn og unglinga til virkrar þátttöku og framkvæmda í starfinu, efla félagsfærni og styrkja sjálfsmynd þeirra.

## Frístundastyrkur

Í Kópavogi eru fjölbreytt tilboð til íþrótt- og tómsundaiðkunar. Mikilvægt er að foreldrar hvetji börn sín til þátttöku í íþróttum og tómsundum þar sem það hjálpar börnum við tungumálanám, eykur skilning á samfélaginu og styður við samfélagslega aðlögun.

Öll börn með lögheimili í Kópavogi eiga rétt á frístundastyrk til þátttöku í skipulögðu íþrótt- og tómsundastarfi. Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu Kópavogsbæjar, <https://www.kopavogur.is/is/ibuar/ithrottir-utivist/fristundastyrkir>

## Íþróttafélög í Kópavogi

**Breidablik** býður upp á æfingar í fótbolta, frjálsum, karate, taekwondo, körfubolta, skák, skíðum og hjólreiðum.

[www.breidablik.is](http://www.breidablik.is)

**HK** býður upp á æfingar í fótbolta, handbolta, blaki, bandý, dans og borðtennis.

[www.hk.is](http://www.hk.is)

**Gerpla** býður upp á ýmsar fimleikæfingar og parkour.

[www.gerpla.is](http://www.gerpla.is)

Hestamannafélagið **Sprettur** býður upp á reiðnámskeið.

[www.sprettarar.is](http://www.sprettarar.is)

**GKG** er golfklúbbur sem býður upp á golfnámskeið fyrir börn og unglinga.

[www.gkg.is](http://www.gkg.is)

**Dansfélagið Hvönn**, býður upp á fjölbreytt námskeið í barnadönsum og samkvæmisdönsum.

[www.hvonn.is](http://www.hvonn.is)

**Tennisfélag Kópavogs, TFK**, býður upp á fjölbreytt námskeið í tennis fyrir allan aldur.

[www.tennishollin.is](http://www.tennishollin.is)

## Innritun í grunnskóla Kópavogs

Kópavogsbær rekur 9 grunnskóla en auk þess eru starfandi 2 einkareknir skólar. Innritun í grunnskóla Kópavogs fer fram í gegnum Þjónustugátt. Ef börn hafa ekki fengið lögheimili í Kópavogi eða kennitölu fer innritunin fram í viðkomandi skóla.

Ef foreldrar flytja úr landi eru þeir beðnir um að tilkynna það til skólans sem barnið er skráð í.

Ef barn sem búsett er í Kópavogi fer í almennan skóla utan Kópavogs þarf að fylla út sérstaka beiðni á Þjónustugátt um *námsvist í einkaskóla eða grunnskóla í sveitafélagi utan lögheimilis nemanda.*

Við móttöku barna af erlendum uppruna, sem eru nýlega flutt í bæinn, er stuðst við móttökuáætlun fyrir börn með annað móðurmál en íslensku í grunnskóla Kópavogs.

Skólinn gegnir afar mikilvægu félagslegu hlutverki fyrir öll börn. Langflestir foreldrar kjósa hverfisskólann, þannig aukast líkur á því að barnið eignist vini og kunningja í nærsamfélaginu og auk þess er styttra fyrir barnið að sækja skóla.

### **Nemendur með fjölbreyttar þarfir**

Grunnskólar í Kópavogi starfa eftir hugmyndafræðinni, skóli fyrir alla. Skóli fyrir alla er samfellt ferli sem hefur það að markmiði að bjóða upp á góða menntun fyrir alla. Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum, hæfileikum og einkennum nemenda og lögð er áhersla á að útrýma öllum gerðum mismununar og aðgreiningar í skólum (Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti).

### **Samstarf skóla og foreldra**

Grunnskólar leggja áherslu á gott samstarf við alla foreldra með velferð barnsins að leiðarljósi. Rannsóknir sýna að enginn einn einstakur þáttur hefur eins mikil áhrif á námsárangur og líðan nemenda í skólanum eins og áhugi og stuðningur foreldra og væntingar þeirra til barns síns. Skólinn leitar því allra leiða til að gefa öllum foreldrum hlutdeild í námi barna þeirra á forsendum hvers og eins. Velferð barnsins er best tryggð með góðu samstarfi foreldra og skóla og byggir á gagnkvæmu trausti og virðingu. Starfsfólk skóla skal ávallt bera velferð nemenda fyrir brjósti og leggja sig fram um að tryggja nemendum öryggi, vellíðan og vinnufrið til að þeir geti notið skólagöngu sinnar.

Starfsfólki ber að stuðla að jákvæðum skólabrag og starfsanda í öllu skólastarfi og góðri umgengni.

### **Ábyrgð, réttindi og skyldur foreldra**

Foreldrar barns á grunnskólaaldri bera ábyrgð á að það innritist í skóla og sæki skóla.

Foreldrar bera ábyrgð á uppeldi barna sinna. Þannig bera foreldrar einnig, ásamt börnum sínum, ábyrgð á hegðun þeirra og framkomu gagnvart samnemendum og starfsfólki skóla og eiga að bregðast við afleiðingum hegðunar barna sinna í skóla.

Foreldrar gæta hagsmuna barna sinna og ber að stuðla að því að þau stundi nám sitt. Þeim ber að fylgjast með námsframvindu í samvinnu við þau og kennara.

Foreldrar skulu fá tækifæri til að taka þátt í námi barna sinna, sem og í skólastarfinu almennt í samráði við umsjónarkennara og skólastjórnendur.

Foreldrum ber að greina skólanum frá þeim þáttum sem kunna að hafa áhrif á námsframvindu, ástundun og hegðun, s.s. um vanlíðan barna sinna og áföll sem gætu haft áhrif á skólagönguna, sem og þegar breytingar verða á högum þeirra og aðstæðum.

Foreldrum er skylt að vinna að lausn mála í samstarfi við skóla, sérfræðiþjónustu og fræðslufirvöld sveitarfélaga þegar misbrestur verður á hegðun og framkomu barna þeirra.

Foreldrum ber, ásamt barni, að taka þátt í meðferð máls, en telji foreldrar eða stjórnendur skóla að ekki ríki trúnaður eða traust í tengslum við umfjöllun um mál barns er æskilegt að leita aðstoðar óvilhalls aðila (5.gr. Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum).

## Upplýsingar

Algengt er að upplýsingum um barnið og skólafarfið sé miðlað til foreldra í gegnum samskiptavef, með tölvupósti, símtölum eða á fundum sem haldnir eru a.m.k. tvisvar á ári. Foreldrar sem ekki hafa íslensku að móðurmáli eiga rétt á túlkajónustu.

Foreldrar eru hvattir til að veita skólanum nauðsynlegar upplýsingar um barnið og hagi þess.

Algengt er að foreldrum sé boðið á kynningar eða samkomur í skólanum, oft í samstarfi við foreldrafélagið. Þeir eru einnig hvattir til að kynnast sem best námi barns síns og starfinu í skólanum af eigin raun og heimsækja skólann í samráði við kennara. Þegar foreldrar óska eftir því er stuðst við þjónustu túlka. Best er þegar foreldrar og skólinn koma sér saman um á hvaða hátt best er að haga samskiptunum.

Starfsfólk skólans skal gæta fyllstu þagmælsku um hagi barna og foreldra þeirra, sem það vær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna og eðli máls. Það eru einnig vinsamleg tilmæli til foreldra að þeir virði þá þagnarskyldu sem ríkir í skólanum og ræði ekki út á við um það sem þeir verða áskynja um málefni og aðstæður annarra barna.

## Foreldrafélag og skólaráð

Í öllum grunnskólum starfa foreldrafélög og skólaráð. Allir foreldrar skólans eru félagar í foreldrafélaginu sem velur sér stjórn.

Foreldrar í hverjum bekk eða nemendahópi velja sér einnig bekkjarfulltrúa. Starf þeirra felst fyrst og fremst í því að vera leiðtogar í hópi foreldra í bekknum, fremstir meðal jafningja.

Áheyrnarfulltrúi frá samtökum foreldrafélaga í Kópavogi, SAMKÓP, situr einnig fundi Menntaráðs Kópavogs.

## Menntaráð Kópavogs

Menntaráð Kópavogs mótar stefnu í mennta- og frístundamálum Kópavogs, tekur ákvarðanir og gerir tillögur til bæjarráðs um málefni sem varða verksvið þess. Jafnframt hefur ráðið eftirlit með að samþykktum og stefnumörkun bæjarins í mennta- og frístundamálum sé fylgt og fylgist með gæðum skóla- og frístundastarfs.

## Móðurmál og íslenska

Góð þekking á móðurmáli og íslensku er bæði auður fyrir einstakling og samfélag, auður sem ber að rækta og gæta. Fræðimenn benda á að móðurmálskunnátta barna spili sterklega inn í nám þeirra og þroska en góður grunnur í móðurmáli getur haft grundvallaráhrif á máltöku annars máls þegar vel er að staðið. Þá hafa fræðimenn sýnt fram á að virðingarstaða móðurmálsins og viðhorf til þess geti haft mikil áhrif á þróun sjálfsmyndar barna. Það felur í sér málviðbót þar sem nýja málinu er bætt við móðurmálið en það kemur ekki í stað þess. Virkt tvítyngi styrkir og hefur jákvæð áhrif á námsárangur á meðan málskipti hafa neikvæð áhrif. Færni í móðurmáli er lykill að því að læra annað mál auk þess sem hún er líklegri til að styðja við vitsmunalegan þroska á öðrum sviðum.